



Háskólafundur

Áttundi háskólafundur HA

föstudaginn 25. október 2013 kl. 14.15–16 í stofu M102, Miðborg.

Dagskrá:

- 1) Rektor: um sameiginlega vísinda- og menntastefnu háskólans
- 2) Gæðastjóri: af gæðastarfi, úttektir og kannanir
- 3) Önnur mál

Viðstaddir

Ari Brynjólfsson – fulltrúi Félags stúdenta við HA

Birgir Marteinsson – fulltrúi Félags stúdenta við HA

Guðfinna Hallgrímsdóttir – fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs

Hafdís Skúladóttir – starfandi forseti heilbrigðisvísindasviðs

Halla Hafbergsdóttir – í stað forstöðumanns RHA

Helgi Gestsson – fulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs

Hermann Óskarsson – fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs

Hjörleifur Einarsson – fulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs

Katla Hrund Björnsdóttir – fulltrúi Félags stúdenta við HA

Kristín Aðalsteinsdóttir – fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs

Kristín Ágústsdóttir – forstöðumaður upplýsingasviðs

Kristín Guðmundsdóttir – fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs

Kristín Sóley Sigursveinsdóttir – fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs

Kristín Þórarinsdóttir – fulltrúi stjórnar félags háskólakennara við HA

Ólafur Halldórsson – framkvæmdastjóri

Ragnar Heiðar Sigtryggsson – fulltrúi Félags stúdenta við HA

Signý Berg Arnarsdóttir – fulltrúi Félags stúdenta við HA

Sigríður Vilhjálmsdóttir – í stað forstöðumanns upplýsingarsviðs

Sigrún Magnúsdóttir – gæðastjóri

Sigurður Kristinsson – forseti hug- og félagsvísindasviðs

Stefán B. Sigurðsson – rektor, stýrir fundi

Sunna Lind Kúld – fulltrúi stúdenta við HA
Úlfar Hauksson – forstöðumaður fjármála
Ögmundur Knútsson – forseti viðskipta- og raunvísindasviðs
Sólveig Zophoníasdóttir – fundarritari

Rektor setti fund og bauð fundarfólk velkomið og skipaði Sólveigu Zophoníasdóttir, sérfræðing við miðstöð skólaþróunar HA, ritara fundarins. Rektor kynnti dagskrá fundarins og hóf umræðu samkvæmt henni.

1. Um sameiginlega vísinda- og menntastefnu Háskólans.
Stefán B. Sigurðsson, rektor HA.

Rektor fór yfir stefnu HA 2012–2017 sem samþykkt var í háskólaráði 30. mars 2012 (<https://ugla.unak.is/kerfi/view/page.php?sid=1471>). Hann lagði áherslu á að stefnan legðist ekki dvala heldur yrði hún að vera lifandi og virk. Það væri gert með því að vinna aðgerðaráætlun í samráði við starfsfólk og endurskoða hana markvisst til að hafa áhrif á framvindu hennar. Rektor útskýrði uppbyggingu aðgerðaáætlunarinnar en verkþættir aðgerðaráætlunarinnar eru settir upp í framvindutöflu (skema) sem gerir fólki kleift að skrá og sjá hvernig miðar með ákveðna þætti hennar. Aðgerðaráætlunin er birt á innri vef og staða aðgerða uppfærð mánaðarlega. Verkþættir aðgerðaráætlunar fyrir árið 2013 eru fjórir: rannsóknir og nýsköpun, nám og kennsla, samfélagsleg ábyrgð og innra starf og mannauður og fór rektor yfir verkþættina, rakti framvinduna og greindi frá stöðu hvers þáttar.

Rannsóknir og nýsköpun

Erfitt hefur reynst að draga úr yfirvinnu kennara til að minnka álag og sporna við því að kennsluálag komi niður á rannsóknnum þeirra en þessi verkþáttur er í vinnslu. Rektor sagði erfitt að vinda ofan af þeim vítahring sem léleg laun og yfirvinna skapa og að slík vinnuskilyrði þekkist ekki í erlendum háskólum. Yfirvinna hefur myndast til að bæta upp lélegar tekjur, því fylgir mikið álag sem dregur mátt úr fólki. Einfaldasta leiðin er að hækka laun og farsælast að geta hækkað grunnlaun sem nemur yfirvinnunni. Í HÍ er yfirvinna bönnuð en hér er sett ákveðið þak og ef farið er fram yfir það fæst sú yfirvinna ekki greidd.

Allir kennarar eiga að skila vinnumatsskýrslu þannig að upplýsingar um rannsóknarvirkni séu aðgengilegar. Rektor sagði þennan þátt í vinnslu en það eru stundum undantekningar og aðstæður sem koma í veg fyrir að kennarar skili vinnumatsskýrslu. Rektor sagði mikilvægt að allir skiluðu vinnumatsskýrslu, jafnvel þeir sem engum rannsóknnum skila, því koma þarf fram hvers vegna rannsóknarvirkni er ekki sem skyldi svo hægt er að bregðast við og veita stuðning ef svo ber undir og einnig er mikilvægt að vita hvað stuðlar að mikilli rannsóknarvirkni. Allt eru þetta mikilvægar upplýsingar sem hægt er að læra af.

Starfshópur sem skilgreina á hvers konar aðstoð í rannsóknnum er brýnust fyrir kennara hefur ekki hafið störf og reglur um rannsóknarsjóð hafa ekki verið endurskoðaðar með það í huga að örva myndun rannsóknahópa. Rektor greindi frá því að framlag í rannsóknarsjóður HA verði hækkað og að tekist hefði að auka fjármagn til rannsóknarmissera og að hann vonaði að engin breyting yrði þar á. Á síðasta ári fékk háskólinn 30 milljón króna fjárveitingu vegna rannsóknarmissera en á þessu ári er ekki um að ræða

sérstaka fjárveitingu en það hefur ekki áhrif á rannsóknarmisserin því ákvörðum um þau hefur verið tekin.

Rektor sagði að stefnt væri á meistaranám á öllum fræðasviðum og doktorsnám á völdum fræðasviðum. Áhersla er lögð á að sækja um hvata- og þróunarstyrki á vegum samstarfs opinberu háskólanna til að efla meistaranám og hefur þeim áfanga verið náð fyrir þetta ár. Fengist hafa þrír styrkir fyrir heilbrigðis-, mennta- og félagsvísindi sem vonandi skila sér í öflugra samstarfi og faglegri eflingu. Rektor greindi frá því að umsókn um doktorsnám væri í vinnslu hjá samráðsnefnd um framhaldsnám. Lögð er áhersla á að hafa umsóknina eins vel úr garði gerða og mögulegt er og senda hana síðan inn.

Nám og kennsla

Starfshópur sem kannar brotthvarf nemenda hefur tekið til starfa og stefnir að því að leggja fram skýrslu fyrir áramót um viðeigandi úrræði.

Ráðinn hefur verið starfsmaður með sérþekkingu til að þjálfa og styðja kennara til aukinnar færni í kennslufræði og kennslutækni einkum m.t.t. blandaðs og sveigjanlegs náms. Rektor sagði hugmyndina vera þá að færa staðarnámið nær fjarnáminu. Við þróum fjarnámið en það kemur í ljós að staðarnemarnir vilja líka nýta sér kosti fjarnáms s.s. að fylgjast með fyrirlesturum á netinu og nýta samverutímamann í skólanum til samræðu og samvinnu.

Í vinnslu er efling stoðkerfisins og áframhaldandi framþróun upplýsingakerfa. Rektor greindi frá því að verklagsreglur Turnitin kerfisins væru tilbúna, kerfið er komið á og farið að virka. Hvað upplýsingakerfin varðar er Uglan stærsta málið. Það verkefni tókst ekki eins og til var ætlast en r unnið væri af kappi við að bæta það og og mjaka því áfram, hægt en í rétta átt. Verkefninu verður að ljúka á þessu ári samkvæmt áætlun þess efnis.

Stefnt er að því að þróa öflugt samstarfsnet um kennslu og rannsóknir við aðra háskóla innanlands og erlendis, með áherslu á samnýtingu kennslu og námsleiða og hefur Samstarfsnefnd háskólastigsins m.a. unnið að því að efla rannsóknartengt meistaranám. Lögð er áhersla á að bæta aðgengi meistaranema að áhugaverðum námskeiðum og auka námsframboð. Horft er til þess að greiða fyrir því að nemendur geti nýtt sér námskeið í öðrum háskólum og öfugt. Rektor greindi frá því að í maí, á næsta ári, verður haldin ráðstefna rektora á norðurlöndum en á þeim slóðum teljast um 60 háskólar. Mikilvægt er að nýta betur styrkjamöguleika við UArctic, Nordplus, Nordforsk, Erasmus o.fl. og vinna forsetar fræðasviða stöðugt að því. Stefnt er að því að efla þjónustu á upplýsingasviði og að auglýsa eftir starfsmanni en fram kom hjá rektor að beðið væri átektar með að auglýsa stöðu á upplýsingasviði.

Samfélagsleg ábyrgð

Á árinu sótti háskólinn um viðurkenningu umhverfisverkefnisins Grænánians. Þeim áfanga náði háskólinn og var Grænáninn afhentur þann 16. september og blaktir við hún alla daga. Háskólinn stefnir að því að efla samstarf við framhaldssóla í sambandi við innleiðingu þeirra á nýrri námskrá. Háskólinn hefur fundað með skólameisturum í mars og júní og er HA eini háskólinn sem það hefur gert. Eins og staðan er núna verður ekki gert meira af hálfu HA þar sem ákveðinnar tregðu gætir í garði innleiðingarferlisins hjá framhaldsskólunum.

Rektor sagði að styrkja þyrfti markaðs og kynningarmál HA enn betur.

Innra starf og mannauður

Rektor sagði frá því að jafnréttisráð og Valgerður Bjarnadóttir væru að endurskoða jafnréttisáætlun HA og er stutt í að áætlunin verði tilbúin. Einnig kom fram hjá rektor að ekki væri mælanlegur óútskýrður munur á milli launa karla og kvenna í HA og vísaði hann þar í jafnlaunakönnun sem gerð var meðal starfsfólks HA. Hann sagði mikilvægt að vera stöðugt á verði í þessum efnunum. Rektor er að skoða hvernig má nýta betur og kynna þá möguleika sem verklagsreglur um starfslok vegna aldurs við HA bjóða upp á. Rektor sagði mikilvægt að starfslok yrðu sem best bæði frá sjónarhóli stofnunar og starfsmanns og að þessi verkþáttur væri unnin í samstarfi HÍ og við stéttarfélagin.

Rektor sagði starfsmannasamtöl ekki hafa verið nógu framarlega í forgangsröðinni og því verði að breyta og leggja ríkari áherslu á að nýta þau betur til að bæta umhverfi, aðbúnað og vellíðan starfsfólks og þeim áfanga yrði að ná.

Atriði til skoðunar 2014

Þegar kemur að setningu markmiða fyrir árið 2014 þá skiptir máli að starfsfólk HA sé virkt í þeirri vinnu og leggi til framkvæmanlegar hugmyndir að umbótum og setji sér raunhæf markmið sem hægt er að vinna að og ná (gera græn). Rektor sagði til athugunar að setja upp hugmyndabanka fyrir starfsfólk og nemendur. Endurskoðun gæðakerfis HA er að ljúka og mun starfshópur skila afrakstri þeirra vinnu af sér innan tíðar. Vel hefur tekist að auka eftirfylgni með áætlunum og verkefnum og er þeim áfanga ársins náð. Starfshópi hefur verið falið að fjalla um lykilmælikvarða HA og markaðs- og kynningarsvið hefur verið styrkt.

Rektor sagði frá fyrirhugaðri ráðstefnu þann 2.–4. nóvember en þar verður aðalumfjöllunarefnið samstarf háskólans við atvinnulífið. Á ráðstefnunni verða stofnuð landsamtök stúdentasamtaka og hefur Félag stúdenta við HA haft frumkvæði þar um.

Rektor sagði markmiðið vera að fjölga stúdentum en nú eru yfir 1600 stúdentar við nám í HA og fer fjöldinn upp á við. Rektor var spurður að því hvort það væri svigrúm í rekstraráætlun til að bjóða upp á nýtt nám og svaraði hann því neitandi. Tillögur um að opna nýjar námsleiðir ná ekki fram að ganga vegna þess að þá þarf viðbótar fjármagn en annað gildir um þróun námskeiða. Rektor sagði hægt að vinna að auknu námsframboði með margvíslegum hætti, í samstarfi við aðra, með eflingu fjarnáms, með skiptinámi og með því að byggja á og þróa þær námsleiðir sem fyrir eru. Rektor sagði mikilvægt að efla það námsframboð sem fyrir er og gera það betra. Hermann Óskarsson, fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs velti því upp hvernig hægt væri að jafna hlutfall karla og kvenna í háskólanum með nýju námi þar sem hlutfall karla í háskólanum er lágt. Rektor tók undir mikilvægi þess að jafna hlutfall karla og kvenna í háskólanum og taldi brýnt í umræðunni að tala ekki endilega um kvenna- eða karlagreinar þar sem það væri ekki í okkar valdi að ákveða það en við gætum haft áhrif á að gera námið þannig úr garði að það höfði sem best bæði til karla og kvenna. Hlutfall kvenna í háskólanum er orðið miklu hærra og til þess að jafna hlutföllin þarf sérstaklega að huga að háskólanámi karla og hvernig hægt er að efla vilja þeirra og löngun til háskólanáms.

Rektor greindi frá fundi sínum með þingmönnum en á fundinum hefði háskólinn fengið sérstakt hrós fyrir ábyrgan rekstur og að það borgaði sig því hann stæði betur að vígi. Rektor sagði að í raun sæjum við ekki

árangur góðs rekstrar öðruvísi en í jákvæðu viðhorfi í garð skólans en hefðum einnig viljað sjá það hafa áhrif á fjárframlög til skólans.

Rektor taldi að taka yrði umræðu í háskólanum um inntökupróf. Sjálfum líst honum honum ekki vel á að taka upp inntökupróf en taldi líklegt að HÍ tæki upp inntökupróf í fleiri greinum en nú er.

Rektor greindi frá því að hann hefði haft frumkvæði að fundi með stjórn Félags háskólakennara við HA til að ræða hvernig hægt væri að bregðast við starfsóánægju sem kom í ljós í könnun á líðan starfsfólks. Ljóst er að óánægjan tengist mest launum, laun eru lág, meiri vinna og álag meira.

Rektor fór yfir þróun nemendafjölda í staðar- og fjarnámi á árunum 2001–2011. Fjöldi staðarnema óx á árunum 2001–2003 en hefur síðan haldist nokkuð í stað en fjarnemum fjölgað jafn og þétt frá árinu 2008. Þegar skoðuð er dreifing nemenda eftir lögheimili á vormisseri 2013 kemur í ljós að langstærsti hluti nemenda á lögheimili á Norðausturlandi. Rektor sagði að framtíðarsýn skólans fælist í að skólinn væri sjálfstæður háskóli í samstarfsneti háskóla í alþjóðlegu umhverfi, með sterka stöðu fjarnáms/lotunáms. Háskóli sem ætti náíð samstarf við aðra háskóla innlenda sem erlenda og við þekkingarsetur og símenntunarmiðstöðvar. Auka þyrfti samstarf HA og FSA enn frekar og leggja áherslu á landsbyggðarlækningar. Yfir 70% af þeim sem útskrifast frá skólanum fara til starfa á landsbyggðinni. Við Skólinn býður upp á grunn- og meistaranám í kennarafræðum, hjúkrunarfræði, viðskiptafræði ásamt félagsvísindum og auðlindafræðum og felst sérstaða skólans í kennslu og rannsóknum í lögfræði með áherslu á heimskautarétt, norðurslóðafræði, sjávarútvegsfræði, iðjupjálfunarfræði og skólaþróun.

2. Af gæðamálum.

Sigrún Magnúsdóttir, gæðastjóri HA

Gæðastjóri sagði frá því að gæðastarf HA byggir á stefnu háskólans fyrir árin 2012–2017, ENQA stöðlunum, ákvæðum laga og reglna mennta- og menningarmálaráðuneytis. Markið gæðastarfs er að tryggja gæði skólastarfsins og er það gert með sjálfsmati deilda, stofnanamati, fyrirmælum gæðaráðs háskólanna sem gera ráð fyrir fimm ára hringferli. Niðurstaða stofnanamats sem byggir á sjálfsmati deilda háskólans ræður því hvort HA heldur viðurkenningu á fræðasviðum sínum. Núna er háskólinn í stofnanamati og er sjálfsmat deilda grunnurinn að matinu. Við fyrirkomulag og framkvæmd mats er fylgt matsrammanum Icelandic quality enhancement framework sem lýst er í Quality enhancement handbook for Icelandic higher education (Rannís, 2011). Viðskiptadeild, kennaradeild og félagsvísindadeild hafa skilað sjálfsmatsskýrslum sem verða m.a. lagðir til grundvallar stofnanamati HA. Auðlindadeild framkvæmir sjálfsmat 2013–2014 og heilbrigðisvísindasvið og lögfræði 2014–2015.

Gæðastjóri sagði mikilvægt að sem flestir kæmu að sjálfsmatsvinnunni. Starfandi er stýrihópur sem samanstendur af rektor, forsetum fræðasviða, fulltrúum nemenda, fulltrúa stoðþjónustu og stjórnsýslu ásamt gæðastjóra. Með stýrihópnum starfar aðferðafræðilegur ráðgjafi Rúnar Sigbórsson prófessor við kennaradeild HA og ritari Sigrún Lóa Kristjánsdóttir verkefnisstjóri fjármálasviðs. Gæðastjóri lýsti sérstakri ánægu með aðkomu ráðgjafans og sagði hópinn þakklátan fyrir hans ráðgjöf. Auk stýrihópsins rýna starfshópar sem skipaðir eru fulltrúum fræðasviða, nemenda, starfsmanna stoðþjónustu og stjórnsýslu í gögn og við skólann starfar kannanateymi. Markmiðið er að virkja öll teymi og ráð til sjálfsmatsvinnunnar og koma skýrslu um þá rýni til stýrihópsins.

Gæðastjóri gerði grein fyrir samsetningu úttektarnefndarinnar sem mun heimsækja háskólann 24.–28. mars 2014. Formaður hennar er Barbara Brittingham og varaformaður Norman og hefur Norman verið tengiliður við HA. Ásamt þeim eru í nefndinni tveir erlendir sérfræðingar frá háskólum sem HA tilnefndi og nemandi íslensks háskóla. Leiðbeiningar gæðaráðs háskólanna um stofnanaúttektir er að finna í Quality enhancement handbook for Icelandic higher education (Rannís, 2011). Af fenginni reynslu sagði gæðastjóri mikilvægt að starfsfólk sé meðvitað um inntak úttektarinnar og ígrundi til hvers væri ætlast af því samkvæmt gæðaviðmiðum. Gæðastjóri gerði grein fyrir tímaramma úttektarinnar en haustið 2014 verður úttektarskýrslan gefin út og hún kynnt á ráðstefnu.

Gæðastjóri sagði frá kannanateymi HA sem sett var á laggirnar vorið 2010 og hefur starfað síðan. Í teyminu starfa Hjördís Sigursteinsdóttir sérfræðingur RHA og aðjúkt, Kjartan Ólafsson lektor, Kristín Ágústsdóttir markaðs- og kynningarstjóri, Sigrún Magnúsdóttir gæðastjóri, Solveig Hrafnisdóttir náms- og starfsráðgjafi og Sveinn Arnarsson nemandi. Kannanaeymið annast undirbúning og framkvæmd kannana og hefur yfirlit yfir kannanir þar sem nemendur og starfsfólk háskólans er þýðið. Nýleg verkefni teymisins eru m.a. brotthvarfskönnun, könnun á námsumhverfi, jafnlaunaathugun, viðhorfskönnun meðal allra nemenda í viðskiptadeild, símakönnun meðal nemenda sem hurfu frá námi í viðskiptadeild, símakönnun meðal brautskráðra nemenda frá viðskiptadeild, kennaradeild og félagsvísindadeild árin 2008 og 2011 og rýnihópaviðtöl með nemendum í viðskiptadeild, kennaradeild og félagsvísindadeild vegna sjálfsmats. Áformuð verkefni teymisins á þessu skólaári eru kannanir meðal brautskráða nemenda 2008 og 2011 af heilbrigðisvísindasviði og auðlindadeild og lagadeild frá upphafi og rýnihópasamtöl vegna stofnanaúttektar HA. Samþykktur hefur verið styrkur til að greiða fyrir kannanir til að skoða námsánægju og námsumhverfi nemenda og áhugavert að fá samanburðarhæfar niðurstöður á milli skóla. Kristín Aðalsteinsdóttir, fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs spurði hvar hægt væri að nálgast kannanir eins og jafnlaunakönnunina og benti gæðastjóri á Ugluna (Ugla>háskólinn>gæðamál>kannanir) en einnig væri möguleiki á að senda starfsfólki vefslóðir að könnunum en þeim væri ekki dreift til prentunar nema sérstaklega væri óskað eftir því við RHA. Gæðastjóri sagði hættu á kannanapreytu og í því sambandi væri mikilvægt að tryggja að ekki verði of mikil ásókn frá nemendum HA og annarra háskóla í að fá að leggja kannanir fyrir nemendur og starfsfólk HA og hefur gæðaráð samþykkt viðmið um meðferð aðsendra beiðna um kannanir.

3. Önnur mál

Rektor greindi frá ráðning Sigrúnar Stefánsdóttur í starf sviðsforseta hug- og félagsvísindasviðs og sagði ráðningarferlið faglegt, það hefði verið farið eftir öllum reglum og ferlum og hæfasti einstaklingurinn verið ráðinn. Ferlið tók langan tíma og það sem helst tafði ferlið var að ekki var hægt að ná saman löglegum sviðsfundi á hug- og félagsvísindasviði fyrr en eftir sumarfrí og fundurinn hefði ekki verið haldinn fyrr en 21. ágúst. Rektor sagði að athafnir þess fundar hefðu verið framkvæmdar eftir bestu trú en þar hefði mátt standa betur að málum. Rektor var þakkað fyrir að hafa leitt málið til lykta og spurður hvort ekki væri kominn tími til að endurskoða aðkomu sviðsfunda að ráðningarferli þar sem núverandi ferli felur í sér hættu á að einstaklingar séu valdir á öðrum forsendum en ætlast er til. Rektor sagði að óskað væri eftir umsögn sviðsfundar en ekki kosningu. Það væri hvergi í lögum að viðhafa kosningu en í þessu tilfalli væri kosning undirstaða álits/umsagnar. Eins og staðan er núna er einstaklingum á sviðsfundi treyst til að bera ábyrgð á og veita umsögn eftir bestu vitund með hagsmuni háskólans að

leiðarljósi. Helgi Gestsson, fulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs sagði ekki mega fórna þeim möguleika að hópur eigi kost á að láta í ljós með hverjum hann vill vinna og mikilvægt að taka umræðu um ferlið. Sigurður Kristinsson, forseti hug- og félagsvísindasviðs sagði að leitað væri álits sviðsfundar og að hver og einn hafi sinn lýðræðislega rétt en það fylgir því mikil ábyrgð að fá að taka þátt í ferlinu. Að þessu sinni stóðu menn ekki undir þessari ábyrgð og greindu fjölmiðlum frá áliti sviðsins áður en ferlinu lauk. Rektor greindi frá ferlinu í háskólaráði og að hann hefði sérstaklega óskað eftir trúnaði þar til ferlinu væri lokið og háskólaráð hélt sinn trúnað. Kristín Aðalsteinsdóttir, fulltrúi hug-og félagsvísindasviðs varpaði fram spurningunni hvort ekki þyrfti að skerpa á mikilvægi þess að halda trúnað í háskólasamfélaginu. Rektor sagði trúnað vera hluta af siðareglum háskólasamfélagsins og mikilvægt að skapa það andrúmsloft hér að svona gerum við ekki.

Í lokin bauð rektor fólki upp á kaffi/te og kleinur.

Fleiri mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið.

Sólveig Zophoníasdóttir
fundarritari